

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

#### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, og að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 2 411.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 2 411.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

#### V. SÖLUSKATTUR, GJALDSKRÁRBREYTINGAR O. FL.

Innifalín í gjaldskránni eru söluskattur og verðjöfnunargjald, nema af raforku til húshitunar.

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20%, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

Hækkanir skv. ofanrituðu eru háðar samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1978 sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 461 29. desember 1977. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 153 14. mars 1977.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1977.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

#### BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjarnöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1977:

**Kjósarsýsla:**

Horn á smábýli í landi Sjávarhóla, Kjalarneshreppi.

**Reykjavík:**

Lambhagi á gróðurhúsabýli í landi jarðarinnar Lambhaga.

**Borgarfjarðarsýsla:**

Braut á garðyrkjubýli í landi Kleppjárnreykja, Reykholtaldshreppi.

**Vestur-Barðastrandarsýsla:**

Ás á iðnbýli í landi Efri- og Neðri-Tungu, Rauðasandshreppi.

**Vestur-Húnavatnssýsla:**

Steinholt á smábýli í landi Sýðri Reykja, Ytri-Torfustaðahreppi.

**Austur-Húnavatnssýsla:**

Merkjalækur á smábýli í landi Grundar, Svinavatnshreppi.

**Eyjafjarðarsýsla:**

Hlíðarhóll á nýbýli í landi Steinkots, Glæsibæjarhreppi.

Skák á iðnaðarbýli í landi Grísarár, Hrafnagilshreppi.

Brúnir á smábýli í landi Syðra-Laugalands, Öngulsstaðahreppi.

**Austur-Skaftafellssýsla:**

Vesturhús (ft.) á þjónustubýli í landi Hofs I (Austurhúsa), Hofshreppi í Örafum.

**Vestur-Skaftafellssýsla:**

Hrífunes vestra á smábýli í landi Hrífunes, Skaftártunguhreppi.

**Árnessýsla:**

Rauðiskógur á nýbýli í landi Brekku, Biskupstungum.

*Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1977.*

**F. h. r.**

**Birgir Thorlacius.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur  
nr. 305/1972.**

**1. gr.**

Við lista yfir lyfjabúðir í 3. gr. bætist:  
Apótek Norðurbæjar, Hafnarfirði.

**2. gr.**

Við lista yfir lyfjabúðir í 4. gr. bætist eftirfarandi:  
Egilsstaða Apótek.  
Hafnar Apótek.  
Ölfus Apótek, Hveragerði.

**3. gr.**

Reglugerð þessi sem sett er samkv. 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 1963, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1977.*

**F. h. r.**

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grímsson.*